

**Fundur haldinn í stjórn hjúkrunar-og dvalarheimilisins Naust þriðjudaginn 5. mars 2013
kl. 12:00 á skrifstofu Langanesbyggðar.**

Mætt voru: Ásta Laufey Þórarinsdóttir, Ragnhildur Karlsdóttir, Kristín Thorberg hjúkrunarforstjóri á Nausti, Gunnólfur Lárusson framkvæmdarstjóri og Sigríður Jóhannesdóttir sem ritaði fundagerð á tölvu .

Gunnólfur bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn

1. Starfsmannamál:

Gunnólfur kynnti að samkvæmt ráðningu Kristínar þá ætti hún að hætta í lok sumars. Hún gefur hins vegar kost á því að ráða sig í eitt ár í viðbótar. Fundarmenn samþykktu að samningur við Kristínu verði endurskoðaður.

Starfsmannabreytingar á Naust voru ræddar. Það hafa orðið miklar starfsmannabreytingar að undanfögnu.

Kristín kynnti hvernig fyrirkomulagið er á Nausti núna. Hún fór yfir starfshlutfall allra fastráðinna starfsmanna og hverjir eru í afleysingum núna.

Erla hættir sem matráður í lok maí og verður starfið auglýst fljótlega.

2. Fjárhagsgreining:

Sigríður kynnti í stórum dráttum fjárhagsgreining fyrir Naust eins og hún liggur fyrir núna. Ljóst er að mikill árangur hefur náðst á milli árána 2011 og 2012. Endanleg tala mun ekki liggja fyrir fyrir en endurskoðendur hafa farið yfir þetta.

Fjárhagsáætlun 2013 var aðeins rædd en Kristín kom inn á það að hún hefði byggt að mestu leyti á rauntölum 2012. Fundarmenn komu inn á að um leið og svigrúm skapast að skoða þurfi nauðsynlegt viðhald á húsnæði Naust.

3. Önnur mál:

Vandamál að það vantar fleiri íbúa á Naust.

Kristín kom inn á hjúkrunarsamninginn milli Nausts og HÞ og hvaða breytingar hún telur að þurfi að gera á samningnum. Stefnt er að því að fulltrúar frá HÞ komi og ræði þessi mál fljótlega.

Laufey kynnti að hún myndi hverfa úr stjórn í apríl og þá tæki varamaður hennar við sem er Bjarnveig Skaftfeld. Laufey þakkaði kærlega fyrir samstarfið.

Fundarmenn þökkuðu sömuleiðis fyrir samstarfið.

Fleira ekki gert

Fundi slitið kl 13:00